

# Tillaga til þingsályktunar

## um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons.

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Líbanons sem undirritaður var í Montreux í Sviss 24. júní 2004.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Líbanons sem undirritaður var í Montreux í Sviss 24. júní 2004. Meginmál samningsins í íslenski þýðingu og frumtextinn á ensku er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Viðaukar og bók-anir sem fylgja samningnum munu liggja frammi á lestrarsal Alþingis.

Samningaviðræðum EFTA-ríkjanna og Líbanons um fríverslun var ýtt úr vör með samningafundum í Beirút í apríl 2003, en fyrsti formlegi samningafundurinn var í nóvember sama ár. Samningurinn var áritaður eftir tvær samningalotur.

EFTA-ríkin hafa nú gildandi fríverslunarsamninga við 13 ríki að samningnum við Líbanon meðtöldum (Búlgaríu, Chile, Frelsissamtök Palestínu, Ísrael, Jórdaníu, Króatíu, Makedóníu, Marokkó, Mexíkó, Rúmeníu, Singapúr og Tyrkland) með samtals rúmlega 280 milljónir íbúa, til viðbótar samningum þeirra við Evrópusambandið. Enn fremur var undirritaður samningur við Túnis í desember 2004 og bíður hann fullgildingar samningsaðilanna.

Fyrir 1. maí 2004 voru í gildi átta samningar til viðbótar við lönd sem nú hafa gengið í Evrópusambandið (Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Slóvakíu, Slóveníu, Tékkland og Ungverjaland) og falla viðskipti Íslands við þessi lönd nú undir EES-samninginn.

Samningaviðræður standa yfir við Egyptaland, Kanada, aðildarríki tollabandalags Suður-Afríku (SACU) og Suður-Kóreu.

Samningurinn við Líbanon kveður á um afnám tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og unnum sjávarafurðum. Miðað er við að EFTA-ríkin afnemi alla tolla og aðrar hindranir að því er varðar þær vörur sem samningurinn tekur til þegar hann öðlast gildi. Líbanon afnemi hins vegar tolla á tilteknu aðlögunartímabili sem hefst árið 2008 en því lýkur árið 2015. Tollar á sjávarafurðir falla þó niður að langmestu leyti árið 2008. Ákvæði eru einnig í samningnum um vernd hugverkarréttinda, þjónustuviðskipti og úrlausn deilumála. Ekki er hins vegar fjallað heildstætt um fjárfestingar og var því samhliða gerður sérstakur tvíhliða samningur milli Íslands og Líbanons um vernd fjárfestinga.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir semur hvert EFTA-ríki tvíhliða við Líbanon og hefur Ísland gert um þau sérstakan samning. Í landbúnaðarsamningi Íslands og Líbanons er kveðið á um sambærilegar tollalækkunar og réttindi og í öðrum landbúnaðarsamningum í tengslum við fríverslun. Skv. 8. gr. samningsins öðlast tvíhliða samningurinn um landbúnað gildi sama dag og fríverslunarsamningurinn milli EFTA-ríkjanna og Líbanons.

**Fylgiskjal.**

**FRÍVERSLUNARSAMNINGUR  
MILLI  
EFTA-RÍKJANNA  
OG  
LÝÐVELDISINS LÍBANONS**

**FORMÁLSORÐ**

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND, FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN, KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR og RÍKJASAMBANDIÐ SVISS (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin“) annars vegar,

og LÝÐVELDIÐ LÍBANON (hér á eftir nefnt „Líbanon“) hins vegar,

sem hér á eftir eru sameiginlega nefnd „samningsaðilar“,

HAGA Í HUGA mikilvægi þeirra tengsla sem eru milli EFTA-ríkja og Líbanons, einkum yfirlýsinguna um samvinnu sem var undirrituð í Genf í júní 1997, og eiga þá ósk sameiginlega að efla þessi tengsl og koma þannig á nánnum og varanlegum samskiptum,

VÍSA TIL þess ásetnings að stuðla á virkan hátt að efnahagslegum samruna Evrópu og Miðjarðarhafslanda og lýsa sig reiðubúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þá þróun,

ÁRÉTTA stuðning sinn við fjölflokkalýðræði er byggist á lögum, mannréttindum, þ.m.t. réttindi þeirra sem tilheyra minnihlutahópum, og grundvallarfrelsi og frelsi í stjórnmálum og atvinnulífi í samræmi við skyldur sínar samkvæmt þjóðarétti, þ.m.t. sáttmáli Sameinuðu þjóðanna og almenna mannréttindayfirlýsingin,

VILJA skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og aukna samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem samningsaðilarnir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnréttis, gagnkvæms ávinnings, jafnræðis og þjóðaréttar,

VÍSA TIL aðildar EFTA-ríkja að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) og skuldbindinga þeirra um að framfylgja réttindum og skyldum sem leiðir af

**FREE TRADE AGREEMENT  
BETWEEN  
THE EFTA STATES  
AND  
THE REPUBLIC OF LEBANON**

**PREAMBLE**

The REPUBLIC OF ICELAND, the PRINCIPALITY OF LIECHTENSTEIN, the KINGDOM OF NORWAY, the SWISS CONFEDERATION (hereinafter called the „EFTA States“), on the one part,

and the REPUBLIC OF LEBANON (hereinafter called „Lebanon“), on the other,

hereinafter collectively referred to as „the Parties“,

CONSIDERING the importance of the links existing between the EFTA States and Lebanon, in particular the Declaration on Co-operation signed in Geneva in June 1997, and recognizing the common wish to strengthen these links, thus establishing close and lasting relations;

RECALLING their intention to participate actively in the process of economic integration in the Euro-Mediterranean region, and expressing their preparedness to co-operate in seeking ways and means to strengthen this process;

REAFFIRMING their commitment to pluralistic democracy based on the rule of law, human rights, including rights of persons belonging to minorities, and fundamental freedoms, and to the political and economic freedoms in accordance with their obligations under international law, including the United Nations Charter and the Universal Declaration of Human Rights;

DESIRING to create favourable conditions for the development and diversification of trade between them and for the promotion of commercial and economic co-operation in areas of common interest on the basis of equality, mutual benefit, non-discrimination and international law;

RECALLING the membership of the EFTA States in the World Trade Organisation (hereinafter referred to as „the WTO“) and their commitment to comply

Marrakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, að meðtöldum meginreglunum um bestuþjarameðferð og innlenda meðferð, og vísa jafnframt til þess markmiðs líbanskra yfirvalda að gerast aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni,

EINSETJA SÉR að stuðla að eflingu marghliða viðskiptakerfis og stuðla að frjálsari viðskiptum sín á milli í samræmi við reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar,

HAGA Í HUGA að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi samningsaðila undan skuldbindingum sínum samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, einkum samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina,

ERU STAÐRÁÐIN Í að beita þessum samningi með það að markmiði að varðveita og vernda umhverfið og tryggja hagkvæmustu nýtingu auðlinda í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun,

LÝSA SIG REIÐUBÚIN til að skoða möguleikann á að þróa og efla efnahagstengsl sín svo að þau nái til sviða sem þessi samningur tekur ekki til,

ERU SANNFÆRÐ UM að þessi samningur myndi viðeigandi ramma fyrir upplýsinga- og skoðanaskipti um þróun efnahagsmála og viðskipti, og

ERU ENN FREMUR SANNFÆRÐ UM að þessi samningur muni skapa skilyrði sem stuðla að tengslum þeirra á milli á sviði efnahagsmála, viðskipta og fjárfestinga,

HAGA ÁKVÆÐIÐ, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér svohljóðandi samning (hér á eftir nefndur „þessi samningur“):

## I. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

### *Markmið*

1. EFTA-ríkin og Líbanon skulu stofna fríverslunar-svæði í samræmi við ákvæði þessa samnings með það fyrir augum að örva atvinnustarfsemi á yfirráðasvæðum sínum og bæta þannig lífskjör og atvinnuskilyrði og stuðla að efnahagslegum samruna Evrópu og Miðjarðarhafslánda.

with the rights and obligations arising from the Marrakesh Agreement establishing the WTO, including the principles of most-favoured-nation and of national treatment, and mindful of Lebanon's objective to become a Member of the WTO;

RESOLVED to contribute to the strengthening of the multilateral trading system and to develop their relations towards free trade in accordance with WTO rules;

CONSIDERING that no provision of this Agreement may be interpreted as exempting the Parties from their obligations under other international agreements, especially the WTO;

DETERMINED to implement this Agreement with the objective to preserve and protect the environment and to ensure an optimal use of natural resources in accordance with the principle of sustainable development;

DECLARING their readiness to examine the possibility of developing and deepening their economic relations in order to extend them to fields not covered by this Agreement;

CONVINCED that this Agreement provides an appropriate framework for exchange of information and views on economic developments and trade; and

ALSO CONVINCED that this Agreement will create conditions encouraging economic, trade and investment relations between them,

HAVE DECIDED, in pursuit of the above, to conclude the following Agreement (hereinafter called „this Agreement“):

## CHAPTER I GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1

### *Objectives*

1. The EFTA States and Lebanon shall establish a free trade area in accordance with the provisions of this Agreement with a view to spurring economic activities in their territories, thereby raising standards of living and improving employment conditions and contributing to Euro-Mediterranean economic integration.

2. Samningur þessi, sem byggist á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa og á því að lýðræði og mannréttindi séu virt, miðar að því:

- a) að auka frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“),
- b) að móta smám saman umhverfi sem stuðlar að auknum fjárfestingum og þjónustuviðskiptum,
- c) að tryggja fullnægjandi og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda,
- d) að auka smám saman frelsi í opinberum innkaupum, og
- e) að styðja samræmda þróun efnahagstengsla milli samningsaðila með auknum viðskiptum og samstarfi, bæði í efnahagslegu og tæknilegu tilliti.

2. gr.

***Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir þennan samning***

Samningur þessi gildir um viðskiptasambönd milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Líbanons hins vegar en ekki um viðskiptasambönd milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

3. gr.

***Svæðisbundið gildissvið***

Samningur þessi tekur til yfirráðasvæða samningsaðila, nema kveðið sé á um annað í I. viðauka.

**II. KAFLI  
VÖRUVIÐSKIPTI**

4. gr.

***Gildissvið***

1. Kafli þessi gildir um eftirtaldar framleiðsluvörur sem eru upprunnar í EFTA-ríki eða Líbanon:
  - a) allar framleiðsluvörur sem heyra undir 25. til 97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vöruheita-skránni (ST), að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í II. viðauka,
  - b) unnar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu viðeigandi tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun, og
  - c) fisk og aðrar sjávarafurðir sem kveðið er á um í III. viðauka.
2. Líbanon og hvert EFTA-ríki hafa gert með sér tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarvörur. Þeir samningar eru hluti af gerningum um myndun fríverslunarsvæðis EFTA-ríkjanna og Líbanons.

2. The objectives of this Agreement, which is based on trade relations between market economies and on the respect of democratic principles and human rights, are:

- (a) to achieve the liberalisation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade (hereinafter referred to as the „GATT 1994“);
- (b) to gradually develop an environment conducive to increased investment flows and enhanced trade in services;
- (c) to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights;
- (d) to progressively liberalise government procurement; and
- (e) to support the harmonious development of economic relations between the Parties through the expansion of trade, and economic and technical co-operation.

ARTICLE 2

***Trade relations governed by this Agreement***

This Agreement shall apply to trade relations between, on the one side, the individual EFTA States and, on the other side, Lebanon, but not to the trade relations between individual EFTA States, unless otherwise provided for in this Agreement.

ARTICLE 3

***Territorial application***

This Agreement shall apply to the territories of the Parties except as provided for in Annex I.

**CHAPTER II  
TRADE IN GOODS**

ARTICLE 4

***Scope***

1. This Chapter shall apply to the following products originating in an EFTA State or in Lebanon:
  - (a) all products falling within Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (HS), excluding the products listed in Annex II;
  - (b) processed agricultural products specified in Protocol A, with due regard to the arrangements provided for in that Protocol; and
  - (c) fish and other marine products as provided for in Annex III.
2. Lebanon and each EFTA State have concluded agreements on trade in agricultural products on a bilateral basis. These agreements form part of the instruments establishing a free trade area between the EFTA States and Lebanon.

5. gr.

**Upprunareglur  
og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda**

Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

6. gr.

**Innflutningstollar og gjöld  
sem hafa samsvarandi áhrif**

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, skulu lögð á viðskipti milli EFTA-rikkjanna og Líbanons.
2. EFTA-rikin skulu, frá og með gildistöku þessa samnings, afnema alla innflutningstolla og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, á framleiðsluvörum sem eru upprunnar í Líbanon.
3. Líbanon skal smám saman afnema innflutningstolla og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, á framleiðsluvörum sem eru upprunnar í EFTA-ríki í samræmi við IV. viðauka.

7. gr.

**Grunntollar**

1. Innflutningsgjöld samningsaðilanna skulu vera tollar sem fást í bestukjarameðferð og eru í gildi 21. nóvember 2003 eða, sé það lægra, það gjald sem er í gildi við gildistöku þessa samnings. Komi almennar tollalækkanir gagnvart öllum (*erga omnes*) til framkvæmda eftir gildistöku þessa samnings gildir lækkaða gjaldið.
2. Samningsaðilar skulu tilkynna hver öðrum um þau gjöld sem eru í gildi hjá þeim á gildistökudegi þessa samnings.

8. gr.

**Fjáröflunartollar**

Ákvæði 6. gr. gilda einnig um fjáröflunartolla.

9. gr.

**Magntakmarkanir á innflutningi og ráðstafanir  
sem hafa samsvarandi áhrif**

1. Engar nýjar magntakmarkanir skulu settar á innflutning né gerðar neinar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif á viðskipti milli EFTA-rikkjanna og Líbanons.
2. Magntakmarkanir á innflutningi og allar ráðstafanir, sem hafa samsvarandi áhrif á viðskipti milli EFTA-rikkjanna og Líbanons, skulu afnumdar frá gildistöku þessa samnings.

ARTICLE 5

**Rules of origin  
and methods of administrative co-operation**

Protocol B lays down the rules of origin and methods of administrative co operation.

ARTICLE 6

**Customs duties on imports and  
charges having equivalent effect**

1. No new customs duties on imports or charges having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Lebanon.
2. The EFTA States shall abolish on the date of entry into force of this Agreement all customs duties on imports, and any charges having equivalent effect, of products originating in Lebanon.
3. Lebanon shall gradually eliminate its customs duties on imports, and any charges having equivalent effect, of products originating in an EFTA State in accordance with Annex IV.

ARTICLE 7

**Basic duties**

1. The applicable rates for imports between the Parties shall be the most-favoured-nation rate of duty (MFN rate) applied on 21 November 2003, or if lower, the applied rate enforced as of the entry into force of this Agreement. If, after the entry into force of this Agreement, a tariff reduction is applied on an *erga omnes* basis, the reduced rate shall apply.
2. The Parties shall communicate to each other their respective rates applied on the date of the entry into force of this Agreement.

ARTICLE 8

**Customs duties of a fiscal nature**

The provisions of Article 6 shall also apply to customs duties of a fiscal nature.

ARTICLE 9

**Quantitative restrictions on imports and  
measures having equivalent effect**

1. No new quantitative restriction on imports or any measures having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Lebanon.
2. Quantitative restrictions on imports and any measures having equivalent effect in trade between the EFTA States and Lebanon shall be abolished from the date of entry into force of this Agreement

10. gr.

**Tollar og magnetakmarkanir á útflutningi**

EFTA-ríkin og Líbanon skulu hvorki leggja á útflutning sinn á milli tolla eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif né setja magnetakmarkanir eða gera aðrar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

11. gr.

**Innlendir skattar og reglur**

1. Samningsaðilar skulu leggja á innlenda skatta og önnur gjöld og beita innlendum reglum í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994 og aðra viðeigandi samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
2. Útflytjendur skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum sköttum en nemur beinum eða óbeinum sköttum á framleiðsluvörur sem eru fluttar út til yfirráðasvæðis samningsaðila.

12. gr.

**Tæknilegar reglugerðir**

1. Samningsaðilar skulu hafa með sér samvinnu á sviði tæknilegra reglugerða, stöðlunar og samræmis-mats, gera viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að lausnum sem nýtast á alþjóðavettvangi og samninga um gagnkvæma viðurkenningu, eftir því sem við á, til að tryggja að þessum samningi verði beitt á skilvirkan og samræmdan hátt og hann þjóni gagnkvæmum hagsmunum allra samningsaðila.
2. Samningsaðilar samþykkja að hafa tafarlaust samráð innan sameiginlegu nefndarinnar, sem skipuð er í samræmi við 30. gr., til að finna viðeigandi lausn í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir telji samningsaðili að annar samningsaðili hafi gert ráðstafanir sem gætu skapað eða hafi skapað tæknilega hindrun í viðskiptum.
3. Skuldbindingar samningsaðila um að tilkynna drög að tæknilegum reglugerðum falla undir þær viðmiðanir sem tilgreindar eru í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir. EFTA-ríkin skulu veita Líbanon aðgang að tilkynningum sínum. Líbanon skal senda aðal-skrifstofu EFTA tilkynningar sínar um drög að tæknilegum reglugerðum og sendir hún þær til hinna samningsaðilanna.

13. gr.

**Ráðstafanir er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna**

1. Samningsaðilar skulu beita reglum sínum um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna án mismununar og skulu ekki gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti með ótilhlýðilegum hætti.

ARTICLE 10

**Customs duties and quantitative restrictions on exports**

The EFTA States and Lebanon shall not apply to exports between themselves either customs duties or charges having equivalent effect, or quantitative restrictions or measures having equivalent effect.

ARTICLE 11

**Internal taxation and regulations**

1. The Parties commit themselves to apply any internal taxes and other charges and regulations in accordance with Article III of the GATT 1994 and other relevant WTO Agreements.
2. Exporters may not benefit from repayment of internal taxes in excess of the amount of direct or indirect taxation imposed on products exported to the territory of one of the Parties.

ARTICLE 12

**Technical regulations**

1. The Parties shall co-operate in the field of technical regulations, standards and conformity assessment and shall take appropriate measures to promote international solutions and mutual recognition agreements, as appropriate, to ensure that this agreement will be applied effectively and harmoniously in the mutual interest of all Parties.
2. The Parties agree to hold immediate consultations in the framework of the Joint Committee set up in accordance with Article 30 in case a Party considers that another Party has taken measures which are likely to create, or have created, a technical obstacle to trade, in order to find an appropriate solution in conformity with the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade.
3. The Parties' obligations to notify draft technical regulations shall be governed by the criteria set out in the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade. The EFTA States will make their notifications to the WTO available to Lebanon. Lebanon shall notify draft technical regulations to the EFTA Secretariat, which shall distribute them to the other Parties.

ARTICLE 13

**Sanitary and phytosanitary measures**

1. The Parties shall apply their regulations in sanitary and phytosanitary matters in a non-discriminatory fashion and shall not introduce any new measures that have the effect of unduly obstructing trade.

2. Meginreglurnar í 1. mgr. skulu gilda í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

14. gr.

**Ríkiseinkasala**

EFTA-ríkin og Líbanon skulu tryggja aðlögun á ríkiseinkasölu í viðskiptum í áföngum, með þeim undanþágum sem er mælt fyrir um í bókun C, þannig að ríkisborgurum EFTA-ríkjanna og Líbanons verði ekki mismunað að því er varðar skilyrði til aðdráttar og markaðssetningar á vörum við lok fjórða ársins frá gildistöku þessa samnings. Vörurnar skulu keyptar og markaðssettar á viðskiptalegum forsendum.

15. gr.

**Styrkir**

1. Réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir falla undir VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994, samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað, nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

2. Um skuldbindingar samningsaðila um að tryggja gagnsæi ráðstafana, sem felast í styrkjum, gilda viðmiðunareglurnar í 1. mgr. XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og 25. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir. EFTA-ríkin sjá til þess að Líbanon hafi aðgang að tilkynningum þeirra til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki. Líbanon skal senda aðalskrifstofu EFTA tilkynningar sínar um styrki og sendir hún þær til hinna samningsaðilanna.

3. Áður en EFTA-ríki eða Líbanon, eftir því sem við á, hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti styrkir eru veittir í Líbanon eða EFTA-ríki og áhrif þess, eins og kveðið er á um í 11. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðili, sem hyggst hefja rannsókn, senda skriflega tilkynningu um það til þess samningsaðila sem vörurnar, sem rannsóknin tekur til, tilheyra og veita 45 daga frest frá móttöku tilkynningarinnar til samráðs til að leita lausnar sem allir samningsaðilar geta sætt sig við. Eftt skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni ef samningsaðili fer fram á það innan 20 daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

16. gr.

**Undirboð**

1. Komist EFTA-ríki að raun um að undirboðum, í skilningi VI. gr. GATT-samningsins frá 1994, er

2. The principles set out in paragraph 1 shall be applied in accordance with the WTO Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures.

ARTICLE 14

**State monopolies**

The EFTA States and Lebanon shall progressively adjust any state monopoly of a commercial character so as to ensure that by the end of the fourth year following the entry into force of this Agreement, with the exceptions laid down in Protocol C, no discrimination regarding the conditions under which goods are procured and marketed will exist between nationals of the EFTA States and of Lebanon. These goods shall be procured and marketed in accordance with commercial considerations.

ARTICLE 15

**Subsidies**

1. The rights and obligations of the Parties relating to subsidies and countervailing measures shall be governed by Articles VI and XVI of the GATT 1994, the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures and the WTO Agreement on Agriculture, except as otherwise provided for in this Article.

2. The extent of the Parties' obligations to ensure transparency of subsidy measures shall be governed by the criteria set out in Article XVI:1 of the GATT 1994 and Article 25 of the Agreement on Subsidies and Countervailing Measures. The EFTA States will make their notifications on subsidies to the WTO available to Lebanon. Lebanon shall notify its subsidies to the EFTA Secretariat, which shall distribute them to the other Parties.

3. Before an EFTA State or Lebanon, as the case may be, initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy in Lebanon, or in an EFTA State, as provided for in Article 11 of the Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing the Party whose goods are subject to investigation and allow for a 45 day period with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place in the Joint Committee if any Party so requests within 20 days from the receipt of the notification.

ARTICLE 16

**Anti-Dumping**

1. If an EFTA State finds that dumping within the meaning of Article VI of the GATT 1994 is taking

beitt í viðskiptum við Líbanon eða verði Líbanon vart við að undirboðum í þessum skilningi er beitt í viðskiptum við EFTA-ríki getur viðkomandi samningsaðili gert viðeigandi ráðstafanir þar að lútandi í samræmi við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994.

2. Samningsaðilar skulu, að beiðni hvaða samningsaðila sem er, halda fund í sameiginlegu nefndinni til að endurskoða efni þessarar greinar.

#### 17. gr.

##### *Reglur um samkeppni fyrirtækja*

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttir framkvæmd þessa samnings að því leyti sem það hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Líbanons:

a) allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks,

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á yfirráðasvæðum samningsaðila í heild eða á verulegum hluta þeirra.

2. Að því er varðar opinber fyrirtæki og fyrirtæki sem hafa fengið sérstök réttindi eða einkarétt skulu samningsaðilar tryggja að frá og með fjórða ári eftir gildistöku þessa samnings sé engin ráðstöfun gerð og engri haldið í gildi ef hún raskar samkeppni milli EFTA-rikjanna og Líbanons að því leyti sem stríðir gegn hagsmunum samningsaðilanna. Þetta ákvæði skal ekki hindra, að lögum eða í reynd, framkvæmd sérstakra verkefna sem þessum fyrirtækjum eru falin.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki túlkuð þannig að af þeim skapist beinlínis nýjar kvaðir á fyrirtæki.

4. Samningsaðilar munu framfylgja innlendum samkeppnislögum og skiptast á upplýsingum, að teknu tilliti til takmarkana sem felast í kröfum um trúnaðarkvaðir. Samningsaðilar munu, að beiðni einhvers þeirra, hafa samráð um að auðvelda framkvæmd ákvæða 1. og 2. mgr.

5. Telji samningsaðili að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. og 2. mgr. skulu samningsaðilar, sem í hlut eiga, veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, ef við á, binda enda á athæfið sem mótmælt var. Hafi samningsaðilinn, sem í hlut á, ekki bundið enda á athæfið, sem mótmælt var, innan þess tíma sem sameiginlega nefndin ákveður, eða komist nefndin ekki að samkomulagi eftir samráð eða þrjátíu dögum eftir að málinu er vísað til hennar, er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að leysa þann vanda sem við-

place in trade with Lebanon, or if Lebanon finds that dumping within this meaning is taking place in trade with an EFTA State, the Party concerned may take appropriate measures against this practice in accordance with the WTO Agreement on Implementation of Article VI of the GATT 1994.

2. The Parties shall, upon request of any Party, meet in the Joint Committee to review the contents of this Article.

#### ARTICLE 17

##### *Rules of competition concerning undertakings*

1. The following are incompatible with the proper functioning of this Agreement in so far as they may affect trade between an EFTA State and Lebanon:

(a) all agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted practices between undertakings which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition;

(b) abuse by one or more undertakings of a dominant position in the territories of the Parties as a whole or in a substantial part thereof.

2. With regard to public enterprises and enterprises to which special or exclusive rights have been granted, the Parties shall ensure that as from the fourth year following the date of entry into force of this Agreement there is neither enacted nor maintained any measure distorting trade between the EFTA States and Lebanon to an extent contrary to the Parties' interests. This provision should not obstruct the performance in law or in fact of the particular tasks assigned to these enterprises.

3. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not be construed such as to create any direct obligations for undertakings.

4. The Parties will enforce their respective competition legislation and shall exchange information taking into account the limitations imposed by the requirements of confidentiality. Upon request of a Party, the Parties will consult in order to facilitate the implementation of paragraph 1 and 2.

5. If a Party considers that a given practice is incompatible with the provisions of paragraphs 1 and 2, the Parties concerned shall give to the Joint Committee all the assistance required in order to examine the case and, where appropriate, eliminate the practice objected to. If the Party in question fails to put an end to the practice objected to within the period fixed by the Joint Committee or if the Joint Committee fails to reach an agreement after consultations, or after thirty days following referral for such consultations, the Party concerned may adopt appropriate measures to deal with the difficulties resulting from the practice in question.

komandi athæfi hefur skapað. Um beitingu og niðurfellingu slíkra ráðstafana gildir 33. gr.

18. gr.

***Neyðaraðgerð vegna innflutnings  
tiltekinna framleiðsluvara***

1. Ákvæði XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir eru í gildi milli samningsaðila, einnig að því er varðar ívilnanir sem eru veittar samkvæmt þessum samningi.
2. Áður en verndarráðstöfunum er beitt skv. 1. mgr. skal samningsaðilinn, sem hyggst beita slíkum ráðstöfunum, láta sameiginlegu nefndinni í té allar upplýsingar sem máli skipta við nákvæma rannsókn málsins til að leita lausnar sem samningsaðilarnir geta sætt sig við. Með fyrirvara um bráðabirgða-aðgerð við tvísýnar aðstæður, eins og gerð er grein fyrir í 2. mgr. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994, skulu samningsaðilar tafarlaust hafa samráð innan sameiginlegu nefndarinnar til að finna slíka lausn. Takist samningsaðilum ekki að ná samkomulagi með samráði innan þrjátíu daga frá því að samráð var hafið er samningsaðilanum, sem hyggst beita verndarráðstöfunum, heimilt að beita ákvæðum XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og ákvæðum samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.
3. Þegar gera þarf verndarráðstafanir samkvæmt þessari grein skulu samningsaðilar einkum beita þeim ráðstöfunum sem valda minnstri röskun á því að markmiðum þessa samnings verði náð.
4. Tilkynda ber um verndarráðstafanirnar til sameiginlegu nefndarinnar án tafar og efna til samráðs um þær með reglubundnum hætti, einkum með það fyrir augum að fella þær niður um leið og aðstæður leyfa.

19. gr.

***Endurskipulagning***

1. Líbanon er heimilt, í takmarkaðan tíma, að gera sérstakar ráðstafanir, sem víkja frá ákvæðum 6. gr., í formi tollahækkunar eða endurupptöku tolla.
2. Ráðstafanirnar skulu eingöngu taka til nýs og ómótaðs iðnaðar eða einstakra atvinnugreina sem verið er að endurskipuleggja eða sem standa frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum, einkum þegar erfiðleikunum fylgja mikil félagsleg vandamál.
3. Tollar á framleiðsluvörur, sem eru upprunnar í EFTA-rikkjunum og fluttar inn til Líbanons, sem lagðir eru á í skjóli slíkra sérráðstafana, mega ekki fara yfir 25% að verðmæti og skulu vörur, upprunnar í EFTA-rikkjunum, njóta að einhverju leyti fríðinda umfram aðrar vörur. Þeir skulu ekki vera hærri en

The application and removal of such measures shall be governed by Article 33.

ARTICLE 18

***Emergency action on imports  
of particular products***

1. The provisions of Article XIX of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards are applicable between the Parties, including as regards concessions granted under this Agreement.
2. Before applying safeguard measures according to paragraph 1, the Party intending to apply such measures shall supply the Joint Committee with all relevant information required for a thorough examination of the situation with a view to seeking a solution acceptable to the Parties. Without prejudice to provisional action in critical circumstances as set out in paragraph 2 of Article XIX of the GATT 1994, the Parties shall immediately hold consultations within the Joint Committee in order to find such a solution. If, as a result of the consultations, the Parties do not reach an agreement within thirty days of the initiation of the consultations, the Party intending to apply safeguard measures may apply the provisions of the Article XIX of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards.
3. In the selection of safeguard measures pursuant to this Article, the Parties shall give priority to those, which cause least disturbance to the achievement of the objectives of this Agreement.
4. Safeguard measures shall be notified immediately to the Joint Committee and be the subject of periodic consultations within the Committee, particularly with a view to their abolition as soon as circumstances permit.

ARTICLE 19

***Structural adjustment***

1. Exceptional measures of limited duration which derogate from the provisions of Article 6 may be taken by Lebanon in the form of an increase or reintroduction of customs duties.
2. These measures may only concern new and infant industries, or sectors undergoing restructuring or facing serious difficulties, particularly where these difficulties entail major social problems.
3. Customs duties on imports into Lebanon of products originating in the EFTA States that are introduced by such exceptional measures may not exceed 25% *ad valorem* and shall maintain an element of preference for products originating in the EFTA States. They may not exceed customs duties levied on imports to Lebanon

tollar sem eru lagðir á innflutning svipaðra vara til Líbanons frá öðrum löndum. Árlegt heildarverðmæti innfluttra framleiðsluvara, sem þessar ráðstafanir taka til, skal ekki fara yfir 20% af árlegu heildarverðmæti innfluttra iðnaðarvara frá EFTA-ríkjunum, eins og skilgreint er í a-lið 4. gr., á síðustu þremur árum sem hagtölur eru til um.

4. Beita má þessum ráðstöfunum í fimm ár hið lengsta nema sameiginlega nefndin heimili lengra tímabil. Þær skulu ekki gilda lengur en til loka aðlögunartímabils sem lýkur 1. mars 2015.

5. Ekki er heimilt að gera slíkar ráðstafanir vegna framleiðsluvara ef lengri tími en þrjú ár er liðinn frá því að allir tollar voru felldir niður svo og magn- takmarkanir eða gjöld eða ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif á framleiðsluvörna.

6. Líbanon ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni um allar sérstakar ráðstafanir sem það hyggst samþykka og, að beiðni EFTA-ríkis, hafa samráð um þær og málefni viðkomandi atvinnugreinar í sameiginlegu nefndinni áður en þeim er beitt. Ef Líbanon samþykkir slíkar ráðstafanir ber því að afhenda sameiginlegu nefndinni áætlun um afnám tollanna sem lagðir eru á samkvæmt þessari grein. Í áætluninni skal gera grein fyrir afnámi tollanna í jöfnum, árlegum áföngum sem hefjist eigi síðar en í lok annars árs eftir að þeir eru lagðir á. Sameiginlega nefndin getur tekið ákvörðun um aðra áætlun.

7. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera undantekningu og heimila ráðstafanir, sem Líbanon hefur áður gert skv. 1. mgr., í allt að þrjú ár umfram aðlögunartímabilið í því skyni að taka tillit til erfiðleika við að koma á fót nýjum iðnaði.

#### 20. gr.

##### ***Endurútflytningur og alvarlegur vöruskortur***

1. Ef beiting ákvæða 10. gr. leiðir til þess:

- a) að framleiðsluvara verði flutt aftur út til þriðja lands og samningsaðilinn, sem flytur út, hyggst beita magn- og gjöldum á útflutning, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum, sem hafa samsvarandi áhrif, gagnvart útflutningi umræddrar framleiðsluvöru þangað, eða
- b) að alvarlegur skortur verði eða gæti orðið á framleiðsluvöru sem er nauðsynleg fyrir samningsaðila sem flytur út,

og framangreindar aðstæður valda eða gætu valdið samningsaðilanum, sem flytur út, alvarlegum erfiðleikum, er þeim samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir.

2. Samningsaðili, sem hyggst gera ráðstafanir samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna hin-

of similar goods from any other country. The total value of imports of the products which are subject to these measures may not exceed 20% of the yearly average of total imports of industrial products from the EFTA States as defined in Article 4(a) during the last three years for which statistics are available.

4. These measures shall be applied for a period not exceeding five years unless a longer duration is authorised by the Joint Committee. They shall cease to apply at the latest on the expiry of the maximum transitional period ending on 1 March 2015.

5. No such measures can be introduced in respect of a product if more than three years have elapsed since the elimination of all duties and quantitative restrictions or charges or measures having equivalent effect concerning that product.

6. Lebanon shall inform the Joint Committee of any exceptional measures it intends to adopt and, at the request of an EFTA State, consultations shall be held in the Joint Committee on the measures and sectors concerned before they are implemented. When adopting such measures Lebanon shall provide the Joint Committee with a schedule for the elimination of the customs duties introduced under this Article. This schedule shall provide for a phasing-out of these duties in equal annual instalments starting no later than the end of the second year following their introduction. The Joint Committee may decide on a different schedule.

7. By way of derogation from provisions of paragraph 4, the Joint Committee may exceptionally, to take account of the difficulties involved in setting up new industries, endorse the measures already taken by Lebanon pursuant to paragraph 1 for a maximum period of three years beyond the transitional period.

#### ARTICLE 20

##### ***Re-export and serious shortage***

1. Where compliance with the provisions of Article 10 leads to:

- (a) re-export to a third country against which the exporting Party maintains, for the product concerned, quantitative export restrictions, export duties or measures or charges having equivalent effect; or
- (b) a serious shortage, or threat thereof, of a product essential to the exporting Party;

and where the situations referred to above give rise or are likely to give rise to major difficulties for the exporting Party, that Party may take appropriate measures.

2. The Party intending to take measures under this Article shall promptly notify the other Parties and the

um sammingsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Sameiginlega nefndin skal rannsaka málið og getur tekið þær ákvarðanir sem þarf til að leysa það. Hafi engin ákvörðun verið tekin þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er hlutaðeigandi sammingsaðila heimilt að samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að leysa vandann. Tilkyнна skal sameiginlegu nefndinni þegar í stað um slíkar ráðstafanir. Þegar gera þarf ráðstafanir skal einkum velja þá aðgerð sem veldur minnstri röskun á framkvæmd þessa sammings.

3. Ef óvenjulegar og alvarlegar aðstæður, sem kalla á tafarlaugar aðgerðir, koma í veg fyrir að unnt sé að veita upplýsingar eða hefja rannsókn fyrir fram er hlutaðeigandi sammingsaðila heimilt að grípa þegar í stað til ráðstafana til að bæta ástandið og skal hann veita hinum sammingsaðilunum og sameiginlegu nefndinni upplýsingar um það án tafar.

4. Efna skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni með reglubundnum hætti um þær ráðstafanir sem eru gerðar með það fyrir augum að afnema þær um leið og aðstæður leyfa.

#### 21. gr.

##### *Almennar undantekningar*

Ekkert í þessum samningi kemur í veg fyrir bönn eða takmarkanir á innflutningi, útflutningi eða umflutningi vöru sem réttlætast af almennu siðgæði, allsherjarreglu eða almannaöryggi, verndun lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurs, verndun þjóðarverðmæta, sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, verndun hugverkaréttar eða réttar á sviði iðnaðar og viðskipta eða af reglum varðandi gull og silfur né heldur verndun óendurnýjanlegra náttúruauðlinda. Slík bönn eða takmarkanir skulu þó ekki hafa í för með sér handahófskennda mismunun eða duldar hömlur í viðskiptum milli sammingsaðilanna.

#### 22. gr.

##### *Undantekningar af öryggisástandum*

Ekkert í þessum samningi kemur í veg fyrir að sammingsaðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar:

- a) til að koma í veg fyrir að veittar séu upplýsingar sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum hans,
- b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni sína eða standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu
  - i) að því er varðar viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn, að því tilskildu að ráðstafanirnar raski ekki samkeppnisstöðu að því er varðar framleiðsluvörur sem eru ekki ætlaðar sérstaklega til hernaðar og önnur viðskipti með

Joint Committee thereof. The Joint Committee shall examine the situation and may take any decisions needed to put an end to it. In the absence of such a decision within 30 days of the matter being referred to the Joint Committee, the Party concerned may adopt the appropriate measures to remedy the problem. The measures shall be immediately notified to the Joint Committee. In the selection of measures priority must be given to the action which least disturbs the functioning of this Agreement.

3. Where exceptional and critical circumstances requiring immediate action make prior information or examination, as the case may be, impossible, the Party concerned may forthwith apply temporary measures necessary to deal with the situation and shall immediately inform the other Parties and the Joint Committee thereof.

4. The measures taken shall be the subject of periodic consultations within the Joint Committee with a view to their elimination as soon as circumstances permit.

#### ARTICLE 21

##### *General exceptions*

Nothing in this Agreement shall preclude prohibitions or restrictions on imports, exports or goods in transit justified on grounds of public morality, public policy or public security, of the protection of health and life of humans, animals or plants, of the protection of national treasures possessing artistic, historic or archaeological value, of the protection of intellectual property or of regulations concerning gold and silver or conservation of exhaustible natural resources. Such prohibitions or restrictions shall not, however, constitute a means of arbitrary discrimination or disguised restriction on trade between the Parties.

#### ARTICLE 22

##### *Security exceptions*

Nothing in this Agreement shall prevent a Party from taking any measures which it considers necessary:

- (a) to prevent the disclosure of information contrary to its essential security interests;
- (b) for the protection of its essential security interests or for the implementation of international obligations or national policies
  - (i) relating to the traffic in arms, ammunition and implements of war, provided that such measures do not impair the conditions of competition in respect of products not intended for specifically military purposes, and to such

vörur, efni eða þjónustu sem er beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila,

- ii) varðandi bann við dreifingu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengra, eða
- iii) á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna ríkir í alþjóðamállum.

23. gr.

***Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar***

1. Samningsaðilar skulu reyna að forðast að gera takmarkandi ráðstafanir vegna greiðslujafnaðar.

2. Eigi samningsaðili í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð eða stefnir í þá áhættu eða yfirvofandi hætta er á því er honum heimilt, í samræmi við ákvæði GATT-samningsins frá 1994, að gera takmarkandi ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu og skal hann tilkynna þær eins skjótt og auðið er hinum samningsaðilanum og leggja fram tímaáætlun um niðurfellingu slíkra ráðstafana.

**III. KAFLI  
HUGVERKAVERND**

24. gr.

1. Samningsaðilar skulu gera ráðstafanir til að veita og tryggja fullnægjandi og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda án mismununar, þ.m.t. ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, V. viðauka við þennan samning og þá alþjóðasamninga sem um getur í honum.

2. Samningsaðilar skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu vera í samræmi við efnisleg ákvæði 3. og 5. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS).

3. Samningsaðilar skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu vera í samræmi við efnisleg ákvæði samningsins um hugverkarétt í viðskiptum, einkum 4. og 5. gr.

4. Samningsaðilar samþykkja, að beiðni samningsaðila, að endurskoða ákvæði þessarar greinar og V. viðauka um vernd hugverkaréttinda með það í huga að auka þessa vernd enn frekar og forðast eða ráða bót á röskun í viðskiptum sem stafar af vernd hugverkaréttinda eins og hún er núna.

traffic in other goods, materials and services as is carried on directly or indirectly for the purpose of supplying a military establishment;

- (ii) relating to the non-proliferation of biological and chemical weapons, nuclear weapons or other nuclear explosive devices; or
- (iii) taken in time of war or other serious international tension.

ARTICLE 23

***Balance of payments difficulties***

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictive measures for balance of payment purposes.

2. Where a Party faces or risks facing serious difficulties concerning its balance of payment or is under imminent threat thereof, the Party may in accordance with the relevant provisions under the GATT 1994 take the restrictive measures that are necessary to remedy the situation, and shall inform as soon as possible the other Parties, and provide them with the timetable for the removal of such measures.

**CHAPTER III  
PROTECTION OF  
INTELLECTUAL PROPERTY**

ARTICLE 24

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Article, Annex V to this Agreement and the international agreements referred to therein.

2. The Parties shall accord to each others' nationals treatment no less favourable than that they accord to their own nationals. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of Article 3 and 5 of the WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (TRIPS Agreement).

3. The Parties shall grant to each others' nationals treatment no less favourable than that accorded to nationals of any other State. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof.

4. The Parties agree, upon request of any Party, to review the provisions on the protection of intellectual property rights contained in this Article and in Annex V, with a view to further improving the levels of protection and to avoid or remedy trade distortions caused by actual levels of protection of intellectual property rights.

#### IV. KAFLI FJÁRFESTINGAR OG ÞJÓNUSTA

25. gr.

##### *Þjónustuviðskipti*

1. Samningsaðilar skulu stefna að því að auka smám saman frelsi og opna markaði sína í þjónustuviðskiptum í samræmi við ákvæði hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (GATS) með hliðsjón af þeirri vinnu sem nú fer fram á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
2. Ef samningsaðili veitir, eftir gildistöku þessa samnings, aðila, sem stendur utan þessa samnings, aukinn ávinning að því er varðar aðgang að þjónustumarkaði skal hann veita næg tækifæri til samningaviðræðna með það í huga að aðrir samningsaðilar geti einnig notið þessa ávinnings gagnkvæmt.
3. Samningsaðilar skuldbinda sig til að fjalla um móttun framangreindra ákvæða með það í huga að gera „samning um efnahagssamruna“ eins og skilgreint er í V. gr. hins almenna samnings um þjónustuviðskipti.

26. gr.

##### *Stuðlað að gagnkvæmum fjárfestingum í löndum samningsaðilanna*

Markmið EFTA-ríkjanna og Líbanons skal vera að gera umhverfi gagnkvæmra fjárfestinga aðlaðandi og stöðugt. Þetta mætti til að mynda gera með því að

- a) koma á kerfi upplýsinga um löggjöf varðandi fjárfestingar og um möguleika á fjárfestingum,
- b) setja lagaramma sem hvetur til gagnkvæmra fjárfestinga í löndum samningsaðilanna, með gerð samninga milli EFTA-ríkjanna og Líbanons um að stuðla að fjárfestingum og vernda þær, eftir því sem við á, og samninga um að koma í veg fyrir tvísköttun,
- c) þróa einsleita og einfaldaða stjórnsýslumeðferð, og
- d) þróa kerfi fyrir sameiginlegar fjárfestingar, einkum meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja samningsaðilanna.

#### V. KAFLI GREIÐSLUR OG YFIRFÆRSLUR

27. gr.

1. Engar hömlur má leggja á greiðslur, tengdar viðskiptum milli EFTA-ríkis og Líbanons, eða yfirfærslur á sliikum greiðslum til yfirráðasvæðis samningsaðila þar sem kröfuhafi er búsettur.
2. Samningsaðilar skulu forðast að takmarka veitingu, endurgreiðslu eða viðtöku lána til skamms eða meðallangs tíma vegna viðskipta sem íbúi á yfirráða-

#### CHAPTER IV INVESTMENT AND SERVICES

ARTICLE 25

##### *Trade in Services*

1. The Parties shall aim at achieving gradual liberalisation and the opening of their markets for trade in services in accordance with the provisions of the General Agreement on Trade in Services (GATS), taking into account ongoing work under the auspices of the WTO.
2. If a Party grants to a non-Party, after the entry into force of this Agreement, additional benefits with regard to the access to its services markets, it shall afford adequate opportunities for negotiations with a view to extending these benefits to other Parties on a mutually advantageous basis.
3. The Parties undertake to consider the development of the above provisions with a view to the establishment of an economic integration agreement as defined in Article V of the GATS.

ARTICLE 26

##### *Investment promotion between the Parties*

The EFTA States and Lebanon shall aim to promote an attractive and stable environment for reciprocal investment. Such promotion should take the form, in particular, of

- (a) mechanisms for information about, and identification and dissemination of investment legislation and opportunities;
- (b) development of a legal framework conducive to investments between the Parties, through the conclusion by Lebanon and the EFTA States of investment promotion and protection agreements, where appropriate, and agreements preventing double taxation;
- (c) development of uniform and simplified administrative procedures; and
- (d) development of mechanisms for joint investments, in particular with small and medium enterprises of the Parties.

#### CHAPTER V PAYMENTS AND TRANSFERS

ARTICLE 27

1. Payments relating to trade between an EFTA State and Lebanon and the transfer of such payments to the territory of the Party where the creditor resides, shall be free from any restrictions.
2. The Parties shall refrain from any currency exchange restrictions or restrictive administrative measures on the grant, repayment or acceptance of short

svæði samningsaðila á hlut að, með því að setja höft á gjaldeyrisviðskipti eða með því að gera ráðstafanir á sviði stjórnsýslu sem leiða til takmörkunar.

3. Ekki skal gera takmarkandi ráðstafanir vegna yfirfærslna í tengslum við fjárfestingar, sérstaklega ekki vegna heimsendingar fjárhæða sem hafa verið notaðar til fjárfestingar eða endurfjárfestingar og hvers konar tekna af þeim.

4. Litið er svo á að ákvæði þessarar greinar séu með fyrirvara um sanngjarna og óhlutdræga beitingu ráðstafana sem gerðar eru í góðri trú í tengslum við refsiverðan verknað og úrskurði eða dóma við mála- rekstur á sviði stjórnsýslu og dómsmeðferð.

## VI. KAFLI OPINBER INNKAUP

28. gr.

1. Samningsaðilar skulu vinna saman að því að auka smám saman frelsi í samningum um opinber innkaup.

2. Sameiginlega nefndin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar 1. mgr.

3. Ef samningsaðili veitir, eftir gildistöku þessa samnings, aðila, sem stendur utan þessa samnings, aukinn ávinning að því er varðar aðgang að markaði opinberra innkaupa skal hann samþykkja að ganga til samningaviðræðna með það í huga að aðrir samningsaðilar geti einnig notið þessa ávinnings gagnkvæmt.

## VII. KAFLI EFNAHAGSSAMVINNA OG TÆKNIÁSTOÐ

29. gr.

1. Samningsaðilar lýsa sig reiðubúna til að hafa með sér samvinnu á sviði efnahagsmála, í samræmi við innlend stefnumið, þar sem sérstök áhersla er lögð á þær atvinnugreinar sem eiga í erfiðleikum í Líbanon í kjölfar endurskipulagningar á því með hvaða hætti frelsi í atvinnulífínu er aukið.

2. Samningsaðilar skulu, í því skyni að greiða fyrir framkvæmd þessa samnings, samþykkja viðeigandi aðferðir við að veita tækniástoð og samvinnu milli yfirvalda sinna, einkum að því er varðar hugverk, tollamál, tæknilegar reglugerðir og ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, þ.m.t. stöðlun og vottun í matvælaíðnaði. Með þetta að markmiði skulu þeir samræma aðgerðir sínar og viðeigandi alþjóðastofnana. Samningsaðilar skulu setja viðmiðunarreglur um framkvæmd þessarar máls- greinar.

and medium-term credits covering commercial trans- actions in which a resident participates.

3. No restrictive measures shall apply to transfers related to investments and in particular to the repatriation of amounts invested or reinvested and of any kind of revenues stemming therefrom.

4. It is understood that the provisions in this Article are without prejudice to the equitable, non-discrimina- tory and good faith application of measures in con- nection with criminal offences and orders or judgments in administrative and adjudicatory proceedings.

## CHAPTER VI GOVERNMENT PROCUREMENT

ARTICLE 28

1. The Parties shall aim at a reciprocal and gradual liberalisation of public procurement contracts.

2. The Joint Committee shall take the steps necessary to implement paragraph 1.

3. If a Party grants to a non-Party, after the entry into force of this Agreement, additional benefits with regard to the access to its procurement markets, it shall agree to enter into negotiations with a view to extending these benefits to other Parties on a reciprocal basis.

## CHAPTER VII ECONOMIC CO-OPERATION AND TECHNICAL ASSISTANCE

ARTICLE 29

1. The Parties declare their readiness to foster economic co-operation, in accordance with national policy objectives, noting that particular attention should be given to sectors facing difficulties in Lebanon's process of structural adjustment to the liberalisation of its economy.

2. In order to facilitate the implementation of this Agreement the Parties shall agree upon appropriate modalities for technical assistance and co-operation between their respective authorities, in particular in the field of intellectual property, customs matters, technical regulations, and sanitary and phytosanitary measures, including standardisation and certification in the food industry. To this end, they shall coordinate efforts with relevant international organisations. The Parties shall establish guidelines for the implementation of this paragraph.

**VIII. KAFLI  
STOFNANAÁKVÆÐI OG  
MÁLMEÐFERÐARÁKVÆÐI**

30. gr.

*Sameiginlega nefndin*

1. Sameiginleg nefnd skal hafa umsjón með og annast framkvæmd þessa samnings. Hver samningsaðili skal eiga fulltrúa í sameiginlegu nefndinni.
2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsaðilarnir skiptast á upplýsingum og, að beiðni samningsaðila, efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni. Sameiginlega nefndin skal kanna reglulega möguleikann á því að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Líbanons.
3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem kveðið er á um í þessum samningi. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

31. gr.

*Störf sameiginlegu nefndarinnar*

1. Til að annast framkvæmd þessa samnings eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman eins oft og nauðsyn ber til, að beiðni samningsaðila, og eigi sjaldnar en annað hvert ár.
2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu samþykktar samhljóða.
3. Hafi fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að stjórnskipuleg skilyrði verði uppfyllt skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum, ef ekki er kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.
4. Samkvæmt þessum samningi setur sameiginlega nefndin sér starfsreglur er kveða m.a. á um fundarboðun, formann og skipunartíma hans.
5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

32. gr.

*Uppfylling skuldbindinga og samráð*

1. Samningsaðilar skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi. Komi í ljós að túlkun og beiting þessa samnings er með mismunandi hætti skulu samningsaðilar, á grundvelli samvinnu og samráðs, gera sitt ítrasta til að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við.
2. Samningsaðili getur, með skriflegum hætti, farið fram á að haft verði samráð við annan samningsaðila

**CHAPTER VIII  
INSTITUTIONAL AND  
PROCEDURAL PROVISIONS**

ARTICLE 30

*The Joint Committee*

1. The implementation of this Agreement shall be supervised and administered by a Joint Committee. Each Party shall be represented in the Joint Committee.
2. For the purpose of the proper implementation of this Agreement, the Parties shall exchange information and, at the request of any Party, shall hold consultations within the Joint Committee. The Joint Committee shall keep under review the possibility of further removal of the obstacles to trade between the EFTA States and Lebanon.
3. The Joint Committee may take decisions in the cases provided for in this Agreement. On other matters, the Joint Committee may make recommendations.

ARTICLE 31

*Procedures of the Joint Committee*

1. For the proper implementation of this Agreement, the Joint Committee shall, upon request of any Party, meet whenever necessary but at least once every two years.
2. The Joint Committee shall act by common agreement.
3. If a representative of a Party in the Joint Committee has accepted a decision subject to the fulfilment of constitutional requirements, the decision shall enter into force, if no later date is contained therein, on the date the lifting of the reservation is notified.
4. For the purpose of this Agreement, the Joint Committee shall adopt its rules of procedure which shall, inter alia, contain provisions for convening meetings and for the designation of the Chairman and his/her term of office.
5. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working parties as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks.

ARTICLE 32

*Fulfilment of obligations and consultations*

1. The Parties shall take all necessary measures to ensure the fulfilment of their obligations under this Agreement. Should any divergency with respect to the interpretation and application of this Agreement arise, the Parties shall make every attempt through co-operation and consultations to arrive at a mutually satisfactory resolution.
2. Any Party may request in writing consultations with any other Party regarding any actual or proposed

um ráðstafanir, sem hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar, eða önnur málefni sem hann telur að haft geti áhrif á starfrækslu þessa samnings. Samningsaðili, sem fer fram á samráð, skal jafnframt tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um það og veita allar viðeigandi upplýsingar.

3. Samráð skal fara fram í sameiginlegu nefndinni ef einhver samningsaðila fer fram á það innan tuttugu daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem um getur í 2. mgr., með það í huga að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við.

### 33. gr.

#### *Bráðabirgðaráðstafanir*

Telji EFTA-ríki að Líbanon, eða Líbanon að EFTA-ríki, hafi ekki uppfyllt skuldbindingu samkvæmt þessum samningi og hafi sameiginlega nefndin ekki fundið lausn innan níutíu daga, sem allir aðilar geta sætt sig við, er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera þær bráðabirgðaráðstafanir sem teljast viðeigandi og alveg nauðsynlegar til að jafnvægi komist aftur á. Helst skal beita þeim ráðstöfunum sem valda minnstri röskun á framkvæmd samningsins. Tilkynna skal samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni þegar í stað um ráðstafanirnar sem gerðar hafa verið og skal reglubundið efnt til samráðs á vettvangi nefndarinnar og leitað leiða til að afnema þær. Ráðstafanirnar skulu afnumdar þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur eða, hafi deilunni verið vísað í gerðardóm, þegar úrskurður gerðardóms er fallinn og honum hefur verið framfylgt.

### 34. gr.

#### *Gerðardómur*

1. Deilum milli samningsaðila, er lúta að túlkun á réttindum og skyldum þeirra og hafa ekki verið leystar skv. 32. gr. þessa samnings með beinum viðræðum í sameiginlegu nefndinni innan níutíu daga frá viðtöku skriflegrar beiðni um samráð, er heimilt að vísa til gerðardóms með skriflegri tilkynningu sem deiluaðili stílar á deiluaðilann sem kæran beinist gegn. Senda skal afrit af tilkynningunni til allra samningsaðilanna.

2. Sé máli vísað í gerðardóm skal hvor samningsaðili um sig tilnefna gerðardómsmann innan þrjátíu daga frá þeim degi að tekið er við tilkynningunni og skulu gerðardómsmennirnir tveir, innan þrjátíu daga frá síðasta tilnefningardegi, skipa þriðja gerðardómsmanninn og verður hann formaður gerðardómsins. Formaðurinn skal hvorki vera ríkisborgari deiluaðila né hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði þeirra. Ef fleiri en eitt EFTA-ríki er aðili að deilunni skulu þau ríki í sameiningu tilnefna einn gerðardómsmann.

measure or any other matter that it considers might affect the operation of this Agreement. The Party requesting consultations shall at the same time notify the other Parties in writing thereof and supply all relevant information.

3. The consultations shall take place in the Joint Committee if any of the Parties so requests within 20 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 2, with a view to finding a commonly acceptable solution.

### ARTICLE 33

#### *Provisional measures*

If an EFTA State considers that Lebanon has, or if Lebanon considers that an EFTA State has failed to fulfil an obligation under this Agreement and the Joint Committee has failed to arrive at a commonly acceptable solution within 90 days, the Party concerned may take such provisional rebalancing measures as are appropriate and strictly necessary to remedy the imbalance. Priority shall be given to such measures as will least disturb the functioning of the Agreement. The measures taken shall be notified immediately to the Parties and to the Joint Committee, which shall hold regular consultations with a view to their abolition. The measures shall be abolished when conditions no longer justify their maintenance, or, if the dispute is submitted to arbitration, when an arbitral award has been rendered and complied with.

### ARTICLE 34

#### *Arbitration*

1. Disputes between the Parties, relating to the interpretation of rights and obligations of the Parties, which have not been settled, pursuant to Article 32 of this Agreement, through direct consultations or in the Joint Committee within 90 days from the date of the receipt of the written request for consultations, may be referred to arbitration by one or more Parties to the dispute by means of a written notification addressed to the Party complained against. A copy of this notification shall be communicated to all Parties.

2. In case of the reference of the matter to arbitration, each Party shall, within 30 days from the date of receipt of notification, nominate an arbitrator and the two arbitrators shall, within 30 days from the date of last nomination, appoint a third arbitrator who will be the Chairman of the arbitral tribunal. The Chairman shall not be a national of either party to the dispute, nor permanently reside in the territory of either Party. If more than one EFTA State is party to a dispute, these States shall jointly nominate one arbitrator.

3. Ef annar hvor samningsaðilinn lætur undir höfuð leggjast að tilnefna gerðardómsmann eða tilnefndir gerðardómsmenn koma sér ekki saman um þriðja gerðardómsmanninn á því tímabili sem tilgreint er í 2. mgr. er hvorum samningsaðila um sig heimilt að fara fram á að forseti Alþjóðadómstólsins í Haag (ICJ) skipi, eftir atvikum, gerðardómsmann þess samningsaðila sem synjar tilnefningar eða þriðja gerðardómsmanninn.

4. Gerðardómurinn skal setja niður deiluna í samræmi við ákvæði þessa samnings og venjureglur um túlkun þjóðaréttar.

5. Fyrir gerðardómi gilda valkvæðar reglur, sem öðluðust gildi 20. október 1992, um lausn deilumála tveggja ríkja sem eiga aðild að Alþjóðagerðardómnum í Haag (PCA), nema annað sé tekið fram í þessum samningi eða deiluaðilar komi sér saman um annað.

6. Samningsaðili, sem á ekki hlut að deilunni, skal þegar deiluaðilar fá í hendur skriflega tilkynningu, eiga rétt á að fá skriflegar greinargerðir deiluaðila og vera viðstaddur alla skýrslugjöf.

7. Ákvarðanir gerðardómsins skulu samþykktar með meirihluta atkvæða.

8. Deiluaðilar skulu að öllu jöfnu skipta jafnt með sér kostnaði af gerðardómi, þ.m.t. þóknunir til gerðardómsmanna. Gerðardómurinn getur engu að síður ákveðið að annar deiluaðila skuli bera hærra hlutfall kostnaðar. Þóknunir og kostnaður, sem ber að greiða gerðardómurum við gerðardóm sem sameiginlega nefndin stofnar, fellur undir áætlanir sameiginlegu nefndarinnar sem eru í gildi við stofnun gerðardómsins.

## IX. KAFLI LOKAÁKVÆÐI

35. gr.

### *Þróunarákvæði*

1. Samningsaðilar skuldbinda sig til að endurskoða samning þennan í ljósi frekari þróunar efnahagslegra samskipta á alþjóðavettvangi, svo sem innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og kanna, í ljósi þeirra þátta sem máli skipta, möguleika á að þróa og styrkja frekar þá samvinnu sem til hefur verið stofnað með þessum samningi og færa hana til sviða sem hann tekur ekki til. Samningsaðilar geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna þennan möguleika og leggja fram tillögur þar að lútandi þegar við á, einkum með það fyrir augum að hefja samningaviðræður.
2. Samningar, sem grundvallast á þeirri málsmeðferð sem um getur í 1. mgr., eru með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki samningsaðila eins og gert er ráð fyrir í málsmeðferðarreglum þeirra.

3. In case either Party fails to nominate its arbitrator or the nominated arbitrators fail to agree on a third member within the period specified in paragraph 2, each Party may request the President of the International Court of Justice (ICJ) to appoint the arbitrator of the refusing Party or the third member, as the case may be.

4. The arbitral tribunal shall settle the dispute in accordance with the provisions of this Agreement and the customary rules of interpretation of public international law.

5. Unless otherwise specified in this Agreement or agreed between the parties to the dispute, the Optional Rules for Arbitrating Disputes between Two States of the Permanent Court of Arbitration (PCA), effective 20 October 1992, shall apply.

6. A Party that is not a party to the dispute, on delivery of a written notice to the disputing Parties, shall be entitled to receive written submissions of the disputing Parties and attend all hearings.

7. The arbitral tribunal shall take its decisions by majority vote.

8. The expenses of the arbitral tribunal, including the remuneration of its members, shall normally be borne by the parties to the dispute in equal shares. The arbitral tribunal may, however, at its discretion decide that a higher proportion of the expenses be paid by one of the parties to the dispute. Fees and expenses payable to members of an arbitral tribunal will be subject to schedules established by the Joint Committee and in force at the time of the establishment of the arbitral tribunal.

## CHAPTER IX FINAL PROVISIONS ARTICLE 35

### *Evolutionary clause*

1. The Parties undertake to review this Agreement in light of further developments in international economic relations, i.a. in the framework of the WTO, and to examine in this context and in the light of any relevant factor the possibility of further developing and deepening the co-operation under this Agreement and to extend it to areas not covered therein. The Parties may instruct the Joint Committee to examine this possibility and, where appropriate, to make recommendations to them, particularly with a view to opening up negotiations.
2. Agreements resulting from the procedure referred to in paragraph 1 will be subject to ratification or approval by the Parties in accordance with their own procedures.

## 36. gr.

**Viðaukar og bókanir**

1. Viðaukar og bókanir við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að gera breytingar á viðaukum og bókunum.
2. Viðaukar og bókanir við samning þennan eru sem hér segir:
  - I. viðauki Svæðisbundið gildissvið
  - II. viðauki Framleiðsluvörur sem samningurinn tekur ekki til
  - III. viðauki Fiskur og aðrar sjávarafurðir
  - IV. viðauki Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif
  - V. viðauki Hugverkavern
    - Bókun A Unnar landbúnaðarafurðir
    - Bókun B Upprunareglur
    - Bókun C Ríkiseinkasala

## 37. gr.

**Breytingar**

1. Þegar sameiginlega nefndin hefur samþykkt breytingar á samningi þessum, aðrir en þær sem um getur í 36. gr., skulu þær lagðar fyrir samningsaðila til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis.
2. Breytingarnar öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu, nema sameiginlega nefndin ákveði annað.
3. Texta breytinga skal afhenda vörsluaðila.

## 38. gr.

**Tollabandalög, fríverslunarsvæði, landamæravíðskipti og aðrir fríðindasamningar**

Samningur þessi skal ekki koma í veg fyrir að tollabandalögum, fríverslunarsvæðum, samningum um landamæravíðskipti og öðrum fríðindasamningum verði við haldið eða til þeirra stofnað, svo fremi það hafi ekki neikvæð áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna sem kveðið er á um í þessum samningi.

## 39. gr.

**Aðild**

1. Ríki sem er aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu getur gerst aðili að samningi þessum, svo fremi sameiginlega nefndin ákveði að samþykkja aðild þess með þeim skilmálum og skilyrðum sem hlutaðeigandi samningsaðilar kunna að semja um við inngönguríkið. Aðildarskjalið skal afhent vörsluaðila.
2. Að því er varðar inngönguríki öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjál þess hefur verið afhent til vörslu.

## ARTICLE 36

**Annexes and Protocols**

1. The Annexes and the Protocols to this Agreement are an integral part of it. The Joint Committee may decide to amend the Annexes and Protocols.
2. The Annexes and Protocols to this Agreement are the following:
 

Annex I	Territorial application
Annex II	Products not covered by the Agreement
Annex III	Fish and other marine products
Annex IV	Customs duties on imports and charges having equivalent effect
Annex V	Protection of intellectual property
Protocol A	Processed agricultural products
Protocol B	Rules of origin
Protocol C	State Monopolies

## ARTICLE 37

**Amendments**

1. Amendments to this Agreement other than those referred to in Article 36 shall, after approval by the Joint Committee, be submitted to the Parties for ratification, acceptance or approval.
2. Unless otherwise agreed by the Parties, amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval.
3. The text of the amendments shall be deposited with the Depository.

## ARTICLE 38

**Customs unions, free trade areas, frontier trade and other preferential agreements**

This Agreement shall not prevent the maintenance or establishment of customs unions, free trade areas, arrangements for frontier trade and other preferential agreements to the extent that these do not negatively affect the trade regime provided for by this Agreement.

## ARTICLE 39

**Accession**

1. Any State, Member of the European Free Trade Association, may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee decides to approve its accession, on terms and conditions to be negotiated between the acceding State and the Parties concerned. The instrument of accession shall be deposited with the Depository.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of accession.

## 40. gr.

**Uppsögn og niðurfelling samningsins**

1. Sérhver samningsaðili getur dregið til baka aðild sína að samningi þessum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Uppsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að tilkynningin berst vörsluaðila.
2. Dragi Líbanon aðild sína til baka fellur samningur þessi úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn.
3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum niður af þeim sökum sama dag og uppsögnin tekur gildi.

## 41. gr.

**Gildistaka**

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila.
2. Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 2005 gagnvart þeim undirritunarríkjum, sem þá hafa fullgilt samninginn, að því tilskildu að þau hafi afhent vörsluaðila fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín a.m.k. tveimur mánuðum fyrir gildistökuna og að því tilskildu að Líbanon sé eitt þeirra ríkja sem hefur afhent fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín til vörslu.
3. Ef samningur þessi öðlast ekki gildi 1. janúar 2005 skal hann öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að Líbanon og a.m.k. eitt EFTA-ríki hafa afhent skjöl sín um fullgildingu til vörslu.
4. Þegar EFTA-ríki afhendir fullgildingarskjál sitt til vörslu eftir að samningur þessi öðlast gildi, öðlast samningur þessi gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjalið hefur verið afhent vörsluaðila.
5. EFTA-ríki getur, ef stjórnskipuleg skilyrði þess leyfa það, beitt samningi þessum til bráðabirgða. Vörsluaðila skal tilkynnt um bráðabirgðabeitingu þessa samnings samkvæmt þessari grein.

## 42. gr.

**Vörsluaðili**

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Montreux 24. júní 2004 í einu frumriti á ensku og skal það afhent til vörslu hjá ríkisstjórn

## ARTICLE 40

**Withdrawal and expiration**

1. Each Party may withdraw from this Agreement by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect six months after the date on which the notification is received by the Depositary.
2. If Lebanon withdraws, this Agreement shall expire at the end of the notice period.
3. Any EFTA State which withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association shall *ipso facto* on the same day as the withdrawal takes effect cease to be a Party to this Agreement.

## ARTICLE 41

**Entry into force**

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.
2. This Agreement shall enter into force on 1 January 2005 in relation to those Signatory States which by then have ratified the Agreement, provided they have deposited their instruments of ratification or acceptance with the Depositary at least two months before the entry into force, and provided that Lebanon is among the States that have deposited their instruments of ratification or acceptance.
3. In case this Agreement does not enter into force on 1 January 2005 it shall enter into force on the first day of the third month following the latter date on which Lebanon and at least one EFTA State have deposited their instruments of ratification.
4. In relation to an EFTA State depositing its instrument of ratification, after this Agreement has entered into force, the Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument.
5. If its constitutional requirements permit, any EFTA State may apply this Agreement provisionally. Provisional application of this Agreement under this paragraph shall be notified to the Depositary.

## ARTICLE 42

**Depositary**

The Government of Norway shall act as Depositary.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Montreux, this 24th day of June 2004, in a single original in the English language, which shall

Noregs. Vörsluaðili skal senda öllum ríkjum, sem undirritað hafa samninginn, staðfest afrit.

be deposited with the Government of Norway. The Depositary shall transmit certified copies to all Signatory States.

Fyrir hönd Lýðveldisins Líbanons

For the Republic of Lebanon

-----

-----

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands

For the Republic of Iceland

-----

-----

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

For the Principality of Liechtenstein

-----

-----

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

For the Kingdom of Norway

-----

-----

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss

For the Swiss Confederation

-----

-----